

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-3132-2017

Á fundi borgarráðs þann 19. júlí sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-3132-2017:

1. Hvaða dag vissu borgarstjóri og borgarritari eða aðrir úr yfirstjórn borgarinnar af dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp 5. júní sl.? 2. Hvar er starfstöð þolandans í málinu annars vegar og starfstöð gerandans hins vegar eftir að dómurinn féll? 3. Til hvaða úrræða hefur Reykjavíkurborg nú þegar gripið til, eftir birtingu dómsins?

Svar:

Borgarstjóra og borgarritara var kynnt niðurstaða dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 3132/2017 sama dag og dómurinn var kveðinn upp, þ.e. 5. júní 2018. Dómurinn og niðurstaða hans var síðan kynnt á fundi borgarráðs 7. júní 2018. Ekki var unnt að leggja fram dóminn á þeim fundi þar sem Héraðsdómur Reykjavíkur hafði ekki afhent aðilum prófarkalesið eintak dómsins. Þar sem um er að ræða starfsmannamál eru heimildir Reykjavíkurborgar til þess að tjá sig um málið takmarkaðar ef nokkrar. Að gefnu tilefni skal þó tekið fram að í umræddu máli var felld úr gildi áminning sem veitt var starfsmanni Reykjavíkurborgar. Umfjöllunarefni dómsins laut þannig að því hvort ógilda bæri þá stjórnvaldsákvörðun sem fólst í áminningunni en ekki að einelti eins og lesa má úr orðalagi fyrrnefndrar fyrirspurnar og bókana sem lagðar voru fram af borgarráðsfulltrúum Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa í borgarráði 19. júlí sl., en þar er meðal annars vísað til geranda og þolanda. Þessu til stuðnings skal bent á að dómurinn kemst að þeirri afdráttarlausu niðurstöðu að stjórnanda sem veitti áminningu hafi ekki skort hæfi að neinu leyti í skilningi stjórnsýslulaga til að taka tilvitnaða stjórnvaldsákvörðun.

Stefán Eiríksson, borgarritari